

L Ö G

um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess.

59

12. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa hús, áfast Arnarhváli í Reykjavík, fyrir skrifstofur ríkisins og stofnanir þess, enda verði byggingunni hagað þannig, að hæstiréttur geti fengið þar hæfilegt húsnæði fyrst um sinn, ef henta þykir.

2. gr.

Til þeirra framkvæmda, er ræðir um í 1. gr. þessara laga og í 1. gr. laga nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, er ríkisstjórninni heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynlegt lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

um laun starfsmanna ríkisins.

60

12. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Launaflokkar ríkisins eru 16, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

I. flokkur	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
.....	kr. 15000	kr. 15000
II. —	— 14000	— 14000
III. —	— 13000	— 13000
IV. —	— 12000	— 12000
V. —	— 11100	— 11100
VI. —	— 10200	— 10200
VII. —	— 7200	— 9600
VIII. —	— 6600	— 9000
IX. —	— 6000	— 8400
X. —	— 6000	— 7800

60		Byrjunarlaun	Hámarkslaun
12. marz	XI. flokkur	kr. 5400	kr. 7200
	XII. —	— 4800	— 6600
	XIII. —	— 4800	— 6000
	XIV. —	— 4200	— 5400
	XV. —	— 3300	— 4800
	XVI. —	— 3600	— 3600

2. gr.

Launahækkun eftir þjónustu og starfsaldri skal haga þannig:

Í VII. og VIII. launaflokki árleg hækkun	kr. 600 í 4 ár.
Í IX. launaflokki árleg hækkun	— 400 í 6 ár.
Í X., XI. og XII. launaflokki árleg hækkun	— 300 í 6 ár.
Í XIII. og XIV. launaflokki árleg hækkun	— 200 í 6 ár.
Í XV. launaflokki árleg hækkun	— 300 í 5 ár.

Þegar starfsmenn í XV. launaflokki hafa verið eitt ár á hámarkslaunum flokksins, skulu þeir færast í XIV. flokk og taka síðan aldurshækkanir þess flokks.

Í XVI. launaflokk koma aðeins iðnkonur eftir 4 ára starf.

3. gr.

Laun ráðherra og stjórnarráðsstarfsmanna ákveðast þannig:

	Árslaun
1. Ráðherrar	kr. 15000
2. Skrifstofustjórar og aðalendurskoðandi ríkisins	— 12000
3. Ríkisbókari og ríkisfóhirðir	— 11100
4. Deildarstjóri í utanríkisráðuneyti	— 10200
5. Fulltrúar I. flokks, skjalavörður í utanríkisráðuneyti og eftirlitsmaður sveitar- og bæjarfélaga	— 7200— 9600
6. Fulltrúar II. flokks	— 6600— 9000
7. Ráðuneytisbókarar og bókarar í ríkisfjárhirzlu og bókhaldi	— 6000— 7800
8. Húsvörðir	— 4800— 6600
9. Ritarar I. flokks	— 4800— 6000
10. Bifreiðarstjórar	— 4800— 6000
11. Sendimenn	— 4200— 5400
12. Ritarar II. flokks	— 4200— 5400
13. Ritarar III. flokks	— 3300— 4800

4. gr.

	Árslaun
1. Sendiherrar	kr. 12000
2. Sendifulltrúar og aðalræðismenn	— 10200
3. Sendiráðsritarar I. flokks og ræðismenn	— 7200— 9600
4. Sendiráðsritarar II. flokks, attachés og vararæðismenn	— 6600— 9000

5. gr.

	Árslaun
1. Skrifstofustjóri Alþingis	kr. 12000
2. Fulltrúi í skrifstofu Alþingis I. flokks	— 7200— 9600
3. Fulltrúi í skrifstofu Alþingis II. flokks	— 6600— 9000
4. Húsvörður Alþingis	— 4800— 6000

6. gr.

	Árslaun
1. Hagstofustjóri	kr. 12000
2. Fulltrúi	— 7200— 9600

3. Fulltrúi II. flokks	kr. 6600— 9000	60
4. Bókarar	— 6000— 7800	12. marz
5. Ritarar I. flokks	— 4800— 6000	
6. Ritarar II. flokks	— 4200— 5400	
7. Ritarar III. flokks	— 3300— 4800	

7. gr.

Árslaun

1. Hæstaréttardómarar	kr. 15000
2. Hæstaréttarritari	— 7200— 9600

8. gr.

Starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu hafa að árslaunum:

1. Borgardómari, borgarfégeti, lögreglustjóri, sakadómari og tollstjóri í Reykjavík	kr. 12000
2. Bæjarfégetar, sýslumenn og skattamáladómari	— 10200
3. Fulltrúar I. flokks	— 7200— 9600
4. Aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra	— 6600— 9000
5. Skrifstofustjórar lögreglustjóra og sakadómara í Reykjavík og lögreglustjórar í kaupþúnum	— 6000— 8400
6. Fulltrúar II. flokks	— 6000— 8400
7. Skatttritarar I. flokks, tollritarar og sýsluskrifarar	— 6000— 7800
8. Tollverðir og bátsformenn á tollbát	— 6000— 7800
9. Ríkislögregluþjónar	— 6000— 7800
10. Fangaverðir í Reykjavík og á Litla-Hrauni	— 6000— 7800
11. Skatttritarar II. flokks, þar með taldir þeir innheimtumenn hjá tollstjóra, er jafnframt gegna skatttritarastörfum	— 5400— 7200
12. Bókari í skrifstofu lögreglustjóra og eftirlitsmaður með útlendingum	— 5400— 7200
13. Gæzlumenn á Litla-Hrauni	— 5400— 7200
14. Gjaldkeri og firmaskrásetjari hjá borgarfégeta	— 5400— 7200
15. Innheimtumenn tollstjóra	— 4800— 6000
16. Gjaldkeri borgardómara	— 4200— 5400
17. Ritarar I. flokks	— 4800— 6000
18. Ritarar II. flokks	— 4200— 5400
19. Ritarar III. flokks	— 3300— 4800

9. gr.

Eftirtaldir löggæzlu- og eftirlitsmenn hafa að árslaunum:

1. Skipaskoðunarstjóri	kr. 10200
2. Aðstoðarmenn skipaskoðunarstjóra	— 5400— 7200
3. Eftirlitsmaður véla og verksmiðja	— 10200
4. Aðstoðarmaður hans	— 6000— 7800
5. Eftirlitsmaður brunavarna	— 6000— 7800
6. Yfireftirlitsmaður bifreiða	— 6000— 8400
7. Fulltrúi við bifreiðaeftirlit	— 6000— 7800
8. Bifreiðaeftirlitsmenn	— 5400— 7200
9. Forstöðumaður löggildingarstofu	— 6000— 7800
10. Viðgerðarmenn í löggildingarstofu	— 4800— 6000
11. Löggæzlumenn á vegum	— 6000— 7800

Eftir tveggja ára starfstíma færast aðstoðarmenn skipaskoðunarstjóra og bifreiðaeftirlitsmenn í X. launaflokk og njóta þá aldurshækkana þess flokks.

60

12. marz

10. gr.

Starfsmenn heilbrigðisstjórnar og ríkisspítala hafa að árslaunum:

1. Landlæknir	kr.	13000
2. Berklayfirlæknir	—	12000
3. Yfirlæknar á Vífilssstöðum, Kleppi, Kristnesi, Landsspítala ..	—	11100
4. Aðstoðarlæknar á ríkissjúkrahúsum og berklayfirlæknis	—	10200
5. Héraðslæknar í Reykjavík og á Akureyri	—	11100
6. Héraðslæknar í héruðum III. flokks	—	10200
7. Héraðslæknar í héruðum II. flokks	—	7200— 9600
8. Héraðslæknar í héruðum I. flokks	—	6000— 7800
9. Aðstoðarlæknar héraðslækna, sbr. lög nr. 52/1942	—	9600

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, setur, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka samkvæmt framansögðu, og skal við þá flokkun einkum farið eftir fólksfjölda, samgöngum og þéttbýli, með hliðsjón af því, hvar erfiðast hefur reynzt að fá lækna í héruðin.

Reglugerð þessa skal endurskoða á fimm ára fresti, enda skulu fjárlög jafnan bera með sér, hve margir héraðslæknar eru í hverjum flokki.

10. Landlæknisritari	—	6000— 7800
11. Matvælaeftirlitsfulltrúi héraðslæknis í Reykjavík	—	5400— 7200
12. Yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með yfir 50 sjúklinga ...	—	8400
13. Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur og yfirhjúkrunarkonur í sjúkrahúsum með færri en 50 sjúklinga	—	6000— 7800
14. Ráðskonur í ríkisspítölum og yfirljósmóðir í Landsspítala ..	—	6000— 8400
15. Deildar-, röntgen-, skurðstofu- og næturhjúkrunarkonur	—	5400— 7200
16. Aðstoðarhjúkrunarkonur	—	4800— 6600
17. Skrifstofustjóri ríkisspítalanna	—	10200
18. Féhirðir	—	6600— 9000
19. Bókari II. flokks	—	5400— 7200
20. Umsjónarmaður Landsspítala	—	4800— 6600
21. Ritari I. flokks	—	4800— 6000
22. Ritarar III. flokks	—	3300— 4800
23. Ráðsmaður í Kristneshæli	—	6000— 8400
24. Bústjórar á Kleppi og Vífilssstöðum	—	6000— 7800

11. gr.

Árslaun

1. Yfirdýralæknir	kr.	6000— 8400
2. Dýralæknar	—	6000— 7800

12. gr.

Árslaun

1. Biskupinn yfir Íslandi	kr.	13000
2. Vigslubiskupar, prófastar, biskupsritari og söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	—	9000
3. Sóknarprestar	—	6000— 8400
4. Ritari III. flokks í skrifstofu biskups	—	3300— 4800

13. gr.

Starfsmenn Háskóla Íslands hafa að árslaunum:

60

12. marz

1. Prófessorar í læknisfræði, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann, og forstöðumaður Rannsóknarstofu háskólans	kr.	14000
2. Aðrir prófessorar og háskólabókavörður	—	11100
3. Dósentar	—	10200
4. Háskólaritari	—	7200— 9600
5. Húsvörður	—	4800— 6000

14. gr.

Starfsmenn eftirtalinna visindastofnana hafa að árslaunum:

1. Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs	kr.	10200
2. Deildarstjórar í atvinnudeild	—	10200
3. Sérfræðingar í atvinnudeild	—	7200— 9600
4. Aðstoðarmenn I. flokks í atvinnudeild	—	6000— 7800
5. 1. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	—	10200
6. 2. aðstoðarlæknir í rannsóknarstofu	—	7200— 9600
7. Aðstoðarmenn I. flokks í rannsóknarstofu	—	6000— 7800
8. Aðstoðarmenn II. flokks í rannsóknarstofu	—	4800— 6000
9. Gjaldkeri í atvinnudeild	—	4200— 5400
10. Húsvörður í atvinnudeild	—	4800— 6000
11. Ritari III. flokks í rannsóknarstofu	—	3300— 4800
12. Forstjóri veðurstofu	—	11100
13. Fulltrúi	—	10200
14. Veðurfræðingar	—	7200— 9600
15. Loftskeytamenn	—	6000— 7800
16. Ritari III. flokks	—	3300— 4800
17. Landsbóka-, þjóðskjala- og þjóðminjaverðir	—	11100
18. Bóka- og skjalaverðir og aðstoðarmaður þjóðminjavarðar	—	7200— 9600
19. Húsvörður safnahúss	—	4800— 6000

Ef sérfræðingur atvinnudeildar hefur á hendi kennslu við háskólann án sérstakra launa, er ráðherra heimilt að ákveða, að hann taki sömu laun og prófessorar (11100).

15. gr.

Árslaun

1. Fræðslumálastjóri	kr.	12000
2. Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru fleiri en 20 kennarar	—	10200
3. Fulltrúar fræðslumálastjóra, íþróttafulltrúi, námsstjórar	—	7200— 9600
4. Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 10—20 kennarar	—	9600
5. Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 5—10 kennarar, og heimavistarbarnaskólastjórar	—	9000
6. Skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar	—	6000— 8400
7. Barnakennarar	—	6000— 7800
8. Ritari II. flokks í fræðslumálaskrifstofu	—	4200— 5400
9. Ritari III. flokks	—	3300— 4800

Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá $\frac{3}{4}$ af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.

Af grunnlaunum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði $\frac{1}{3}$ hluti úr bæjarsjóði og $\frac{1}{4}$ hluti úr sveitarsjóði viðkomandi skólahverfis.

60

16. gr.

12. marz

Skólastjórar og kennarar menntaskóla og sérskóla hafa að árslaunum:

1. Rektorar (skólameistarar)	kr.	11100
2. Menntaskólakennarar	—	7200— 9600
3. Skólastjórar kennaraskóla, stýrimannaskóla, vélaskóla og búnaðarskóla	—	10200
4. Kennarar sömu skóla	—	6600— 9000
5. Húsverðir kennaraskóla, stýrimannaskóla og menntaskóla ..	—	4800— 6000
6. Skólastjórar við húsmæðrakennaraskólann, íþróttakennaraskólann, dauðdumbraskólann og garðyrkjuskóla	—	9600
7. Kennarar sömu skóla	—	6000— 8400
8. Skólastjóri við alþýðuskólann á Eiðum	—	9000
9. Kennarar skólans	—	6000— 7800

17. gr.

Starfsmenn við ríkisútvarpið hafa að árslaunum:

1. Útvarpsstjóri	kr.	12000
2. Skrifstofustjórar útvarps og útvarpsráðs	—	9600
3. Fréttastjóri	—	7200— 9600
4. Aðalféhirðir	—	6000— 8400
5. Hljómsveitarstjóri	—	6000— 8400
6. Forstöðumaður viðtækjasmiðju	—	6000— 8400
7. Stöðvarverðir á Eiðum, Vatnsenda, aðalmagnaravörður, þulir ..	—	6000— 8400
8. Fréttaritarar	—	6000— 8400
9. Útvarpsvirkjar I. flokks	—	6000— 7800
10. Fulltrúi í skrifstofu útvarpsráðs	—	6000— 8400
11. Fulltrúi í skrifstofu útvarps	—	6000— 8400
12. Bókari í skrifstofu útvarps	—	5400— 7200
13. Afgreiðslumaður og bókari viðtækjasmiðju	—	5400— 7200
14. Gæzlumaður plötusafns, afgreiðslumaður auglýsinga, iðnaðar- maður, afgreiðslumaður viðtækjasmiðju, útvarpsvirkjar II. flokks	—	4800— 6600
15. Innheimtumenn	—	4800— 6000
16. Ritara II. flokks	—	4200— 5400
17. Ritara III. flokks	—	3300— 4800

18. gr.

Starfsmenn skattheimtu hafa að árslaunum:

1. Skattstjóri í Reykjavík	kr.	11100
2. Skattstjórar utan Reykjavíkur og skrifstofustjóri skattstofu Reykjavíkur	—	10200
3. Skrifstofustjóri ríkisskattaneftndar	—	7200— 9600
4. Fulltrúar í skattstofu Reykjavíkur	—	6000— 8400
5. Bókarar í skattstofu Reykjavíkur og hjá ríkisskattaneftnd I. flokks	—	6000— 7800
6. Bókarar í skattstofu II. flokks	—	5400— 7200
7. Ritari í skattstofu II. flokks	—	4200— 5400
8. Ritari í skattstofu III. flokks	—	3300— 4800

19. gr.

60

Starfsmenn vegamála, vita- og hafnarmála og byggingarmála hafa að árs- 12. marz
launum:

1. Vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri og húsameistari ríkisins	kr.	13000
2. Yfirverkfræðingar, skipulagsstjóri og skrifstofustjóri vegamála	—	10200
3. Verkfræðingar	—	7200— 9600
4. Húsameistarar I. flokks	—	7200— 9600
5. Húsameistarar II. flokks	—	6600— 9000
6. Féhirðir vegamálastjóra	—	6000— 8400
7. Land- og sjómælingamenn I. flokks	—	7200— 9600
8. Land- og sjómælingamenn II. flokks	—	6000— 8400
9. Bókari og féhirðir vita- og hafnarmálastjóra	—	6000— 8400
10. Birgða- og efnisverðir vega- og vitamála	—	6000— 8400
11. Aðalverkstjórar vega, vita og hafna	—	6000— 7800
12. Bókari II. flokks vegamálastjóra	—	5400— 7200
13. Kafari vitamálastjóra	—	5400— 7200
14. Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
15. Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

20. gr.

61

Starfsmenn við rafmagnseftirlit hafa að árslaunum:

1. Forstöðumaður	kr.	11100
2. Verkfræðingur	—	7200— 9600
3. Rafvirkjar	—	6000— 7800
4. Ritarar II. flokks	—	4200— 5400
5. Ritarar III. flokks	—	3300— 4800

21. gr.

Starfsmenn pósts og síma hafa að árslaunum:

1. Póst- og símamálastjóri	kr.	14000
2. Yfirverkfræðingur og skrifstofustjóri landssímans, skrifstofustjóri póstmála, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík og póstmeistarinn í Reykjavík	—	10200
Á meðan yfirverkfræðingur landssímans starfar jafnframt sem yfirverkfræðingur útvarpsins, skal greiða honum 11100 kr. árslaun.		
3. Póstmálafulltrúi, póstmeistarinn á Akureyri, aðalbókari landssímans, aðalgjaldkeri landssímans, umdæmisstjórnir á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Siglufirði og Seyðisfirði, símastjórinn í Vestmannaeyjum og verkfræðingar	—	7200— 9600
4. Innheimtuféhirðir landssímans, fulltrúar I. flokks, umsjónarmaður sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík, símafræðingar og símastjórinn í Hafnarfirði	—	6600— 9000
5. Varðstjórnir á stuttbylgjustöðinni í Gufunesi og á Vatnsenda, birgðastjóri landssímans í Reykjavík, efnisvörður landssímans, fulltrúar II. flokks, aðalteiknari, ritsímavarðstjórar, verkstæðisverkstjórar og verkstjórar bæjarsíma Reykjavíkur	—	6000— 8400
6. Símrítarar, loftskýtamenn, símvirkjar, póstafgreiðslumenn í Reykjavík, iðnaðarmenn I. flokks, línuverkstjórar, bókarar, bréfrítari aðalskrifstofu og umsjónarmaður bíla landssímans	—	6000— 7800

60	7. Næturvörður við landssímastöðina í Reykjavík	kr. 5400— 7200
12. marz	8. Iðnaðarmenn II. flokks, teiknarar, línumenn og bréfberar í Reykjavík	— 4800— 6600
	9. Bílstjórar, ritarar I. flokks, varðstjóri við langlínumiðstöð og sendimenn símans í Reykjavík	— 4800— 6000
	10. Talsímakonur og ritarar II. flokks	— 4200— 5400
	11. Ritara III. flokks	— 3300— 4800

Með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, skal, eftir því sem við verður komið, ákveða laun símastjóra á I. fl. B. og II. fl. stöðvum fyrir rekstur stöðvanna svo og laun póstafréiðslumanna, sem ákvæði þessarar greinar ná ekki til. Launin séu ákveðin þannig, að þessir starfsmenn fái hlutfallslega sömu laun og aðrir, sem nefndir eru í þessari grein, miðað við þau störf, er þeir hafa með höndum.

22. gr.

Starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins hafa að árslaunum:

1. Forstjóri	kr. 13000
2. Skrifstofustjóri	— 10200
3. Aðalbókari og aðalféhirðir	— 6600— 9000
4. Afgreiðslustjóri, innkaupastjóri og verkstjóri við skipaafgreiðslu	— 6000— 8400
5. Bókari I. flokks	— 6000— 7800
6. Bókarar II. flokks	— 5400— 7200
7. Ritara II. flokks	— 4200— 5400
8. Ritara III. flokks	— 3300— 4800

23. gr.

Starfsmenn við iðnaðarfyrtæki ríkisins hafa að árslaunum:

1. Forstjóri landssmiðju og ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg	kr. 11100
2. Skrifstofustjórar	— 6600— 9000
3. Féhirðir landssmiðju	— 6000— 8400
4. Bókarar landssmiðju I. flokks	— 6000— 7800
5. Bókarar landssmiðju II. flokks	— 5400— 7200
6. Ritara Gutenbergs III. flokks	— 3300— 4800

24. gr.

Starfsmenn við áfengisverzlun og tóbakseinkasölu ríkisins hafa að árslaunum:

1. Forstjórar og lyfsölustjóri	kr. 11100
2. Útsölustjóri í Reykjavík	— 10200
3. Skrifstofustjórar	— 6600— 9000
4. Lyfjafræðingur	— 6600— 9000
5. Aðalbókarar og aðalféhirðar	— 6000— 8400
6. Bréfitarar	— 6000— 7800
7. Sölumenn	— 5400— 7200
8. Birgðavörður tóbakseinkasölu	— 6000— 7800
9. Afgreiðslumenn tóbakseinkasölu	— 4800— 6600
10. Innheimtumaður tóbakseinkasölu	— 4800— 6000
11. Bókarar III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	— 4800— 6600
12. Ritara II. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	— 4200— 5400
13. Ritara III. flokks í tóbakseinkasölu og áfengisverzlun	— 3300— 4800
14. Útsölustjórar áfengisverzlunar á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Siglufirði og Seyðisfirði	— 6000— 8400

15. Aðalverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	kr. 6000— 8400	60
16. Aðstoðarverkstjóri í birgðahúsi áfengisverzlunar	— 5400— 7200	12. marz
17. Aðstoðarmenn í birgðahúsi áfengisverzlunar	— 4800— 6000	
18. Bifreiðarstjórar	— 4800— 6000	
19. Iðnkonur, er unnið hafa 4 ár	— 3600	
20. Verkstjóri tóbaksgerðar	— 5400— 7200	
21. Blöndunarmaður tóbaksgerðar	— 4800— 6600	
22. Aðstoðarmenn	— 4800— 6000	

25. gr.

Starfsmenn áburðar- og grænmetisverzlunar ríkisins hafa að árslaunum:

1. Forstjórar	kr. 10200
2. Skrifstofustjórar	— 9000
3. Útvarpsvirki I. flokks	— 6000— 7800
4. Sölumenn	— 5400— 7200
5. Gjaldkeri áburðar- og grænmetisverzlunar	— 6000— 7800
6. Verkstjóri áburðar- og grænmetisverzlunar	— 5400— 7200
7. Bókari III. flokks og útvarpsvirkjar II. flokks hjá viðtækja- verzlun, afgreiðslumaður og iðnaðarmaður	— 4800— 6600
8. Aðstoðarmenn í vöruhúsi áburðar- og grænmetisverzlunar og bifreiðarstjóri grænmetisverzlunar	— 4800— 6000
9. Ritara III. flokks	— 3300— 4800

26. gr.

Árslaun

1. Fiskimatsstjóri	kr. 10200
2. Yfirfiskimatsmenn	— 5400— 7200
3. Sildarmatsstjóri og freðfisksmatsstjóri	— 8400

27. gr.

Árslaun

1. Skógræktarstjóri	kr. 10200
2. Sandgræðslustjóri	— 9600
3. Skógarverðir	— 6000— 7800
4. Loðdýraræktarráðunautur	— 8400
5. Tilraunastjórar	— 6000— 8400

28. gr.

Árslaun

Eftirlitsmaður sparisjóða	kr. 6600
---------------------------------	----------

29. gr.

Skólastjórar og kennarar gagnfræða- og héraðsskóla hafa að árslaunum:

1. Skólastjórar gagnfræðaskóla með yfir 200 nemendur	kr. 10200
2. Skólastjórar gagnfræðaskóla með 125—200 nemendur	— 9600
3. Skólastjórar gagnfræðaskóla með undir 125 nemendur	— 9000
4. Skólastjórar héraðsskóla með yfir 75 nemendur	— 9600
5. Skólastjórar héraðsskóla með undir 75 nemendur	— 9000
6. Skólastjórar húsmæðraskóla	— 8400
7. Kennarar gagnfræðaskólanna	— 6600— 9000
8. Kennarar héraðsskóla og húsmæðraskóla	— 6000— 7800

30. gr.

Heilsuverndarhjúkrunarkonur hafa að árslaunum	kr. 6000— 7800
---	----------------

60

12. marz

Árslaun kennara samkv. 15., 16. og 29. gr. og barnaskólastjóra eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um $\frac{1}{6}$ hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

31. gr.

32. gr.

Laun stundakennara skulu ákveðin með reglugerð, er kennslumálaráðherra setur, og vera sem næst 80% af launum fastra kennara við þá skóla, er þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum.

33. gr.

Á grunnlaun samkvæmt lögum þessum skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma samkv. útreikningi kauplagsnefndar.

34. gr.

Pegar einhver hluti launa er greiddur í friðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem launþegi er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaunum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna. Með reglugerð skal ákveða, hverjir ríkisstarfsmanna skuli fá ókeypis einkennisfatnað.

35. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

36. gr.

Við skipun í starfsflokka og flutning milli launaflokka skulu konur að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar.

37. gr.

Um leið og lög þessi taka gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, svo og greiðsla skrifstofufjár embættismanna, sem ætlað hefur verið til launa starfsfólks, er lög þessi taka til.

Ríkisstjórnin, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hæstiréttur tilnefna einn mann hvert í nefnd, sem skal úrskurða um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.

Lögmælt innheimtulaun af verðtolti, stimpilgjaldi, skipagjöldum og lífeyrissjóðsgjöldum skulu hér eftir renna í ríkissjóð.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfs hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Bæjarfógetar, sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík fá gjald af innheimtum ríkissjóðstekjum sem hér segir:

1. Af 100 þús. kr. eða minna greiðist	1 %
2. — 100—500 þús. kr. greiðist	$\frac{1}{2}$ %
3. — 500—1000 þús. kr. greiðist	$\frac{1}{4}$ %
4. — 1—5 millj. kr. greiðist	1 ‰
5. — 5—10 millj. kr. greiðist	$\frac{1}{2}$ ‰
6. — 10 millj. kr. og þar yfir greiðist	$\frac{1}{4}$ ‰

Héraðslæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkvæmt gjaldskrá, er hlutaðeigandi ráðherrar setja. Um leið og gjaldskrá er sett fyrir héraðslækna, skal semja við Læknafélag Íslands um afslátt, þegar sjúkrasamlag annast greiðslu. Gjaldskrár þessar skal endurskoða, þegar ástæða þykir til, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku laga þessara.

38. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn II. kafli laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, launaákvæði laga nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1945.

40. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til sett hafa verið lög um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna hins opinbera, skal ríkisstjórnin setja með reglugerð ákvæði um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins í sem fyllstu samræmi við það, sem gildir í hverri starfsgrein í árslok 1944.

Ráðningu starfsmanna skal einnig þennan tíma hagað á sama hátt og verið hefur hjá hlutaðeigandi stofnunum.

Launauppbætur greiddar árið 1944 skulu einnig greiðast á árinu 1945, þar til lög þessi öðlast gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

61

12. marz

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „hið minna og meira“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr. sömu laga skal orða þannig:

Skólinn starfar í þremur deildum, tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjóra-
próf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða þannig:

Í skólanum skulu vera þessi burtfararpróf: Fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjóra-
próf á varðskipum ríkisins.